

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti Háskóla Íslands og lögum um happdrætti (bann við spilakössum). Þingskjal 1086, 629. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti Háskóla Íslands og lögum um happdrætti (bann við spilakössum). Þingskjal 1086, 629. mál.

Almennt

Rauði krossinn, sem einn af eigendum Íslandsspila, þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Umsögn

Á dögnum skipaði dómsmálaráðherra starfshóp um happdrætti og fjárhættuspil. Í starfshópnum sitja aðilar tilnefndir af happdrættisfyrirtækjum og Samtökum áhugafólks um spilafíkn auk fulltrúa hins opinbera.

Samkvæmt tilkynningu frá ráðuneytinu er hópnum ætlað að gera tillögur til ráðherra um breytingar á lögum og reglugerðum um happdrætti, teljist þær nauðsynlegar, og eftir atvikum að greina fjárþörf til þess að tryggja að mögulegar breytingar geti átt sér stað. Hópnum er ætlað að skila fyrstu tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. júní.

Það er mat Rauða krossins á Íslandi að rétt sé að bíða eftir niðurstöðum starfshópsins áður en ráðist er í breytingar á lögum um happdrætti.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að funda með allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins, sé þess óskað.